



Reykjavík, 16. apríl 2024

MSS24040130

TILLAGA

Tillaga Íbúaráðs Háaleitis og Bústaðahverfis um Safamýri – bætt umferðaröryggi

Lagt er til að íbúaráð Háaleitis- og Bústaðahverfis samþykki að beina því til umhverfis- og skipulagsráðs að gerð verði úttekt á götuumhverfi Safamýrar og bílastæðaplönnum við götuna með hliðsjón af öryggi óvarðra vegfarenda, sérstaklega ungra barna og unglinga, sem eiga leið um götuna til og frá skóla, leikskóla, frístund og íþróttum. Horft verði til hvaða mögulegu aðgerða megi grípa til að draga úr gegnumakstri og umferðarhraða í Safamýri og bæta og fjölga þverunum yfir götuna.

Greinargerð:

Íbúaráð Háaleitis- og Bústaðahverfis telur mikilvægt að umhverfi Safamýrar verði skoðað með tilliti til umferðaröryggis og bættrar ásýndar götunnar sem grænt og lifandi borgarumhverfi. Sérstaklega þyrfti að rýna göngu- og aðkomuleiðir nemenda í Álftamýrarskóla og Álftaborg sem og íþróttaiðkenda á íþróttasvæði Víkings í Safamýri. Vel færi á því að göturými Safamýrarinnar yrði endurskoðað sem ein heild þar sem áherslan yrði á aukinn gróður og bætтар þveranir fyrir unga sem aldna vegfarendur. Samhliða yrði núverandi fjöldi bílastæða og útfærsla þeirra tekin til skoðunar m.t.t. mögulegrar aukinnar samnýtingar á bílastæðum fyrir þá fjölbreyttu skóla- og íþróttastarfsemi sem er við götuna.



Reykjavík